

Starfsáætlun leikskólans

Smáralundar



Skólaárið 2023 - 2024

Formáli

(Um starfsáætlanir leikskóla (fylgiskjal/ gátlisti?))

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Þróunarfulltrúa leikskóla fyrir 20. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

Tekið skal fram að leikskólar gera jafnréttisáætlun nú og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

Efnisyfirlit

Formáli	2
1. Inngangur	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	6
2.2 Húsnæði og lóð	<u>8</u>
2.3 Ytra mat	<u>8</u>
2.3.1 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	7
2.4 Matsáætlun	<u>8</u>
3. Áherslur í starfi leikskólans	8
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár	8
4. Starfsmannamál	9
4.1 Starfsmannahópurinn 1. maí	9
4.2 Starfsþróunarsamtöl	9
4.3 Símenntun frá síðasta ári	10
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum	<u>11</u>
5. Aðrar upplýsingar	11
5.1 Barnahópurinn 1. maí	11
5.2 Foreldrasamvinna	12
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	12
5.4 Almennar upplýsingar	12

1. Inngangur

*Helstu styrkleikar **Smáralundar** eru að hér starfar gott starfsfólk með mikla reynslu, áhuga og eldmóð. Markmið kennara leikskólans eru að hverjum nemanda er mætt á eigin forsendum og faglegt starf haft í fyrirrúmi. Metnaður er lagður í að auka hæfni alls starfsfólks með fjölbættum námskeiðum og fyrirlestrum af ýmsum toga.*

Veturinn reyndist okkur erfiður á Smáralundi. Um áramót lést foreldri skyndilega og reyndi það mikið á starfsfólk leikskólans, einnig veiktist barn alvarlega/lífshættulega og lá lengi á spítala bæði hér heima og erlendis. Við svona aðstæður kemur það vel í ljós að fólk stimplar sig ekki úr vinnu við dagslok, hugur starfsfólks er hjá börnum og foreldrum þegar heim er komið. Svona verkefnum er ekki bara sinnt á vinnutíma, skilaboðum og símtölum er svarað þegar þau koma. Sem betur fer heilsast barninu vel og mætir til okkar næsta skólaár.

Við þessar aðstæður sáum við vel hvað samfélagið okkar hér í Smáralundi, bæði starfsfólk og ekki síður foreldrar er sterkt og þétt, mikil væntumþykja og samheldni einkenndi samfélagið okkar. Allir stóðu þétt við bakið á fjölskyldum sem áttu um sárt að binda og lögðu sitt af mörkum.

***Smáralundur** er búinn að vera **Heilsueflandi leikskóli** síðastliðin átta ár. Í **Heilsueflandi leikskólum** er vel hugað að andlegri, líkamlegri og félagslegri velferð og vellíðan barna og starfsfólks í samvinnu við heimili og nær samfélag. Við vinnum eftir heildrænni heilsustefnu þar sem horft er á allt skólasamfélagið í heild. Heilsustefnan er síðan endurskoðuð reglulega sem og árangur hennar metinn af heilsuteymi skólans.*

Við höldum áfram að vinna með Núvitund, bæði með kennurum og nemendum

Okkur finnst Núvitund hjálpa okkur að takast á við allt það álag sem er í leikskólanum og höfum við tileinkað okkur að takast á við allt sem verkefni sem er spennandi að leysa.

Áfram leggjum við áherslu á læsi, tónlist, hreyfingu og hollustu. Daglega er skipulögð hreyfing allra nemenda sem og tónlist. Við erum í góðum samskiptum við Skólamat til að geta áfram boðið upp á fjölbreyttan og hollan mat.

*Við erum **SMT (School Management Training)** skóli. Með **SMT**, samræmdum aðferðum og sameiginlegri sýn höldum við vel utan um aga og hegðunar kennslu nemenda okkar. Við gerum það fyrst og fremst með því að gefa jákvæðri hegðun gaum, styrkja og hrósa fyrir það sem vel er gert.*

***Lífsleiknitímar** eru daglega þar sem nemendum er skipt í hópa eftir aldri og getu. Unnið er að verkefnum sem hæfa hverjum hópi og er tekið mið af öllum grunnþáttum menntunar.*

Nemendurnir fara að minnsta kosti í eina skipulagða Lubbastund á viku, einnig fléttum við Lubba inn í allt starfið okkar. Lubbi er sýnilegur í öllum skólanum og börnin tileinka sér hljóð og tákn hans. Í bókinni „Lubbi finnur málbein“ er unnið með nám í prívídd, þá er átt við sjón-, heyrnar-, hreyfi- og snertiskyn. Með því að vinna með hljóðanámi í prívídd er verið að æfa börnin í að tileinka sér íslensku málahljóðin, það brúar bilið milli stafs og hljóðs og að lokum kemur það börnum á sporið í lestri og ritun.

Elstu nemendur okkar fara í K-pals. Markmið með þeirri aðferð er að gefa kennurum kost á að þjálfa samtímis hóp af börnum í stafabekkingu, lestri eða stærðfræði með jafningjamiðlaðri nálgun (félagakennslu).

Við leggjum mikla áherslu á góð samskipti og samvinnu við foreldra og hvetjum þá til að leita til okkar ef einhver vandamál koma upp. Við sendum tölvupósta reglulega og erum meðvituð um mikilvægi þess að gott upplýsingastreymi sé á milli leikskóla og heimilis og öfugt.

Áskoranir vetrarins voru án efa að koma fullri styttingu inn í skólastarfið. Styttingin gekk vel, starfsfólk var lausnamiðað í hugsun að finna leiðir til að álagið myndi ekki aukast of mikið og gekk það vel með breyttu dagskipulagi, ég þreytist því aldrei að nefna hvað það vinnur frábært starfsfólk í Smáralundi sem tekst á við öll verkefni með gleði og jákvæðni.

Starfsáætlunin er hugsuð sem aðgengilegur og skýr leiðarvísir að starfi leikskólans, þar sem fram koma áherslupættir og stefna skólans.



2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat leikskólans

Á síðasta skólaári tókum við sérstaklega fyrir mat á umhverfismennt og sjónrænu skipulagi.

Við vorum svo heppin að fá að taka þátt í verkefni með Laufinu. Við gátum því tekið umhverfismenntina mjög föstum tókum og með kerfinu sem því fylgir er sýnilegur árangur hvað við erum að gera vel.

Markmið laufsins er að styðja lítil og meðalstór fyrirtæki í þeirra sjálfbærni vegferð með hugbúnaði Laufsins og laufakerfinu sem er byggt á grænum skrefum Umhverfisstofnunar.

Fyrri hluti kerfisins eru Laufin fimm : Flokkun, Umhverfisstefna, Miðlun þekkingar, Loftlagsáhrif og Hringrásarsamfélag.

Laufakerfið gerir fyrirtækjum kleift að halda utan um umhverfisáhrif sín, setja ápreifanleg og raunhæf markmið í umhverfismálum og meta árangurinn af þeim.

Seinni hluti kerfisins inniheldur Græn skref atvinnulífsins. Þar er að finna yfir eitt hundrað hugmyndir sem stuðla að umhverfsvænum rekstrarháttum og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfseminnar.

Við byrjuðum í þessu verkefni í nóvember og við erum ótrúlega stolt af okkur hvað við erum komin langt á stuttum tíma. Mjög margt sem við gátum gert með lítilli breytingu. Við erum komin með flott og mikið flokkunarkerfi og fatamarkað sem fellur vel undir þetta verkefni. Börnin eru svo umhverfissinnar, þau fylgjast t.d. með ljósunum, slökkva þegar engin er í rýminu, skoða tunnurnar hvort það sé rétt flokkað ofl. ofl. Við höfum því staðið okkur frábærlega vel í þessum þætti og munum halda áfram að vinna með hann og bæta í.

Hinn þátturinn sem við tókum fyrir var sjónrænt skipulag, sá þáttur gekk ekki eins vel, Við útbjuggum allt efnið, dagskipulagið, innstimplikerfi og boðskiptakippur og kennarar byrjuðu að nota þetta, en einhvernvegin náðu þeir ekki að tileinka sér það og því var þetta meira sýnilegt á veggjum skólans heldur en í markvissri notkun. Við þurfum áfram að finna leiðir til að kenna og leiðbeina starfsfólki að nýta sér sjónrænt/myndrænt skipulag með börnunum. Sérkennslustjóri mun hafa fræðslu fyrir allan starfsmannahópinn í haust og svo fylgjum við því eftir á deildarstjórafundum.

Við notum heimagerða matslista og styðjumst við skólanámskrá, starfsáætlun, stefnur, áætlanir, dagskipulag og skóladagatal leikskólans.

Allir kennarar taka þátt í mati á leikskólastarfinu. Við gerum það fyrst á deildum og svo færast umræðan yfir í starfsmannahópinn þar sem hver deild kynnir sínar niðurstöður og samþykkir allur starfsmannahópurinn síðan sameiginlegt endurmat, umbætur og nýbreytni.

2.2 Húsnæði og lóð

Starfsfólk á Umhverfis- og framkvæmdasviði ásamt leikskólastjóra fara yfir lóðina og húsið eftir þörfum. Skrá niður þær umbætur sem nauðsynlega þarf að gera. Í millitíðinni eru allir kennarar ábyrgir fyrir því að leiksvæði barnanna sé öruggt yfir daginn. Þörf á viðgerð er þá tilkynnt til leikskólastjóra. Við erum með einfalda skráningu á að lóðin sé í lagi, dag hvern, og skiptist það milli deilda. Hver deild sér um að yfirfara lóðina á morgnana. Annað árið í röð var stefnan sett á að laga brúnna okkar en ekki gafst tími eða fjármagn til þess. Húsið var allt málað að utan og svo er stefnan að skipta um nokkra glugga sem voru orðnir lélegir og verður það vonandi gert fyrir veturinn, ásýnd skólans er því töluvert fallegri en áður en áfram er gerð mikil athugasemd við fúkkalykt á einni deild hjá okkur og eru foreldrar og kennarar verulega ósátt að það ekki sé hægt að finna lausn á þessum vanda sem hefur verið í skólanum í allt að 23 ár. Samt sem áður er búið að reyna mjög mikið til að koma í veg fyrir þessa lykt en lítið gengið, við höfum látið myglu prófa skólann á ca. tveggja ára fresti til að geta útilokað myglu og þá er auðveldara fyrir okkur að svara foreldrum með fúkkalyktina því þá er þetta allavega ekki skaðlegt ástand fyrir nemendur og kennara þó það sé bagalegt.

2.3 Ytra mat

Skólaskrifstofan stendur fyrir foreldra könnunum annað hvert ár (síðast í febrúar 2022) og starfsmannakönnun sem framkvæmd var í apríl 2023 af Skólapúlsinum. Einnig var gerð starfsmannakönnun á vegum Prósent.

2.3.1 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Könnun frá Skólapúlsinum og Prósent var lögð fyrir starfsmenn í apríl 2023, Skrifstofa fræðslu- og frístundapjónustu stóð fyrir könnuninni. Niðurstöðurnar voru mjög góðar og er allt starfsfólk, ánæggt í vinnunni, er öruggt með sig og sín vinnubrögð. Við höldum því áfram með það sem við erum að gera, það sem kom ekki eins vel út var upplifum starfsfólks á ímynd Hafnarfjarðar sem vinnustaður og æðstu stjórnendur bæjarins, það sem við getum gert til að bæta þennan þátt er að passa upp á að allt starfsfólk sé alltaf með réttar upplýsingar og stoppa umræður sem er ekki byggðar á réttum upplýsingum.

Foreldrakönnunin var ekki gerð þetta skólaár, en í öllum foreldrasamtölum kom skýrt fram að foreldrar eru virkilega ánægðir með skólann og það starf sem við bjóðum upp á.

2.4 Matsáætlun

Þeir þættir sem við ætlum að meta í vetur er annars vegar ípróttatímarnir og svo hins vegar undirbúningstímar. Við vorum með ípróttufræðing hjá okkur sem sá alfarið um alla skipulagningu á hreyfingu í skólanum, eftir að hún hætti langar okkur að skoða hvort við séum að sinna þessum þætti eins vel og áður, skoða áætlanirnar, framkvæmdina og tímana sjálfa betur. Hinn þátturinn er undirbúningstímar bæði hjá fagfólki og ófaglærðum, í hvað eru þeir nýttir, á hvað tíma er best að taka þá, hvenær nýtast þeir best o.p.h.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta skólaár

- Áfram leggjum við mikla áherslu á Núvitund, festa hana í sessi jafnhliða því að koma nýjum kennurum inn í þá vinnu.
- Við viðhöldum læsis stefnu leikskólans. Við höldum áfram að fræða bæði starfsfólk og foreldra um þróun málþroska og læsis hjá ungum börnum, kennsluaðferðir sem byggja á gagnreyndum aðferðum og skipulagi sem hefur gefið góðan árangur og mætir öllum nemendum á mismunandi stigum. Höldum áfram að vinna með K-Pals með elstu nemendum.
- Minnum áfram á að þetta er sameiginleg ábyrgð okkar allra.
- Við höldum áfram að innleiða lykilþætti í Heilsueflandi leikskóla sem Landlæknisembættið stýrir.
- Höldum áfram að vinna með TónMál - en það er kennsluefni í tónlist og málörvun fyrir þriggja til fjögurra ára börn. Í TónMáli er verið að leggja áherslu á málörvun og forlestrarfærni í gegnum leik og tónlist.
- Áfram leggjum við áherslu á okkar frábæra tónlistastarf.
- Skerpa vinnuna með stærðfræði, vera meðvitaðri hvenær við erum að vinna með stærðfræði.
- Halda áfram að vinna með hreyfingu á markvissan hátt með skipulagðri íþróttakennslu. Eins munum við halda áfram að skipuleggja og framkvæma fjölbreytta og skemmtilega viðburði tengdar hreyfingu og heilsu. Eins og Íþróttadag, Smáralundarhlaup ofl.
- Vinna áfram eftir handbókinni um snemmtæka íhlutun og virkja fólkið okkar að nýta sér hana.
- Næsta vetur raðast aldur barnanna þannig að við þurfum að hafa tvær elstu deildarnar eins, með sama aldur. Við munum því hafa mikla samvinnu milli deilda og allt skipulagt starf verður unnið saman í aldurshreinum hópum. Síðasta vetur höfðum við flæði milli deilda frá kl. 14:00 til að mæta t.d. styttingu starfsmanna og reyndist það mjög vel og myndum við vilja gera það líka á tveimur yngri deildunum en húsakynni leyfa það ekki.

Deildarstjórar halda utan um það sem unnið er í lífsleiknitímum, samverustundum og öðrum skipulögðum stundum.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. Maí

<i>Starfsheiti</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Starfshlutfall</i>	<i>Menntun</i>
<i>Leikskólakennari</i>	<i>9</i>	<i>8,5</i>	<i>B.Ed í leikskólakennarafræðum</i>
<i>Háskólamenntaður sérkennari</i>	<i>2</i>	<i>2</i>	<i>Tómstunda og félagsfræðingur og B.S í Contemporary Performance practice</i>
<i>Háskólamenntaður starfsmaður</i>	<i>1</i>	<i>1</i>	<i>B.S í félagsráðgjöf</i>
<i>Stuðningsfulltrúi í leikskóla</i>	<i>2</i>	<i>1,75</i>	<i>Grunnskólapróf og stúdentspróf</i>
<i>Leikskóla og frístundaliði</i>	<i>10</i>	<i>9.20</i>	<i>Grunnskólapróf og Stúdentspróf</i>

4.2 Starfspróunarsamtöl

Starfsmannasamtölin voru tekin seint þetta skólaárið í maí og júní. Kennurum líður almennt mjög vel í vinnunni og er ánægt með vinnustaðinn, það hefur verið mikil mikil gleði í vetur. Starfsmannahópurinn hefur verið einstaklega samheldinn og því finnst öllum mjög gaman í vinnunni.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Allt starfsfólkið fór á :

- Vinnustofa hjá Saga Story House um Lífsgæði í leikskólastarfi > samskipti og liðsheild.
- Allt starfsfólkið fór á skyndihjálparnámskeið
- Við fengum kynningu á Bean fee
- Sérkennslustjórinn fór á námskeið um kjörþögli og Sálarlist
- Einn kennari fór á Tes ráðstefnu í London
- Sóttum menntakvikuna.

- Stjórnendur voru áfram á námskeiði um mat og matsáætlun.

- Stjórnendur kláruðu stjórnenda námskeið „Kjarkur til forystu“ með vinnustofu í Prag.

- Allt starfsfólk fór í námsferð til Stokkhólms, þar sem við skoðuðum tvo leikskóla og þjöppuðum hópnum saman.

4.4. Áætlun um símenntun í leikskólanum

Símenntunaráætlun leikskólans:

- fyrsta skipulagsdaginn í haust fáum við Ragnhildi Vigfúsdóttir sem verður með námskeið um jákvæð samskipti.
- Starfsfólk óskaði eftir að fara á námskeið í tengslum við Næringarfræði og hreyfingu. Við ætluðum að gera þetta síðasta vetur en það gekk ekki eftir.
- SMT - upprifjun.
- Núvitund
- Fræðsla um sjónrænt skipulag
- Sérkennslustjóri ætlar á námskeið um fjölþættan áfallavanda
- Einn deildarstjóri fer í 6 mánaða námsleyfi.
- Við reynum að fara á þau námskeið sem Hafnarfjarðarbær býður upp á.

Við munum halda áfram að hvetja starfsfólk í að nýta þá styrki sem eru í boði til að sækja sér símenntun utan leikskólans.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí.

Barnahópurinn 1. Maí

- Fjöldi barna í leikskólanum > 67
- Kynjahlutfall > 26 stelpur og 41 strákar
- Dvalarstundir > 590
- Deildargildi > 3,7
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningarviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki. > 5 börn
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað) > 17
- Fjöldi barna með ofnæmi > 2
- Fjöldi barna með fæðuóþol > 6
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku. > 12
- Fjöldi tungumála > 8

Þjóðerni forsjáraðila

- Pólland > 2
- Rúmenía > 2
- Moldavía > 1
- Tæland > 1
- Tékkland > 1
- Ghana > 2
- Ekvador > 1
- Mexikó > 2
- Nígería > 1

5.2 Foreldrasamvinna

Í foreldraráði sitja þrjár fulltrúar. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um starfsáætlunina sem og aðrar meiriháttar breytingar á skólstarfinu. Leikskólastjóri situr fundi með foreldraráði.

Kynningarfundur fyrir nýja foreldra er haldinn í ágúst.

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á ári og eftir þörfum í samráði við foreldra.

Við leikskólann starfar öflugt foreldrafélag sem vinnur frábært starf í samvinnu við stjórnendur leikskólans. Foreldrafélagið innheimtir greiðslur tvisvar á ári og eru fjármunir félagsins nýttir í leikrit, jólaball og aðrar skemmtanir fyrir börnin í leikskólanum.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Kennarar leik- og grunnskóla setjast niður í byrjun skólaárs og ákveða áætlun vetrarins.

Grunnskólabörn koma í eina heimsókn í tengslum við dag íslenskrar tungu og ýmist lesa fyrir börnin eða sýna leikrit. Leikskólabörnin fara í c.a. þrjár heimsóknir yfir skólaárið, skoða bókasafnið syngja saman og eru með í kennslustund.

Faglegt samstarf hefur verið á milli leik- og grunnskóla. Kennarar elstu barnanna í leikskólanum og kennarar yngsta stigs hittast yfir veturinn og fara t.d. yfir niðurstöður úr Hljóm og Leið til læsis. Mikill vilji er að halda þessu góða samstarfi áfram.

5.4 Almennar upplýsingar

Leik- og grunnskólar Hafnarfjarðar eru með tvo samræmda skipulagsdaga næsta skólaár. Skipulags dagarnir eru samtals sex í leikskólanum. Einum af þessum sex dögum er skipt niður í fjóra morgna og þá opnum við kl 10.00.

- 07.sept > skipulagsdagur
- 17.okt. > starfsmannafundur opnum kl.10:00
- 13.nóv > skipulagsdagur
- 07.des. > starfsmannafundur opnum kl.10:00
- 18.jan > skipulagsdagur
- 12.mars > starfsmannafundur opnum kl.10:00
- 11.apríl > starfsmannafundur opnum kl.10:00
- 10.maí > skipulagsdagur



Hafnarfirði

Leikskólastjóri